

2013:7 • 7. júní 2013

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2013

Quarterly national accounts, 1st quarter 2013

Samantekt Landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2013 jókst um 0,8% borið saman við 1. ársfjórðung 2012. Á sama tíma drógust þjóðarútgjöld, sem endurspeglar innlenda eftirspurn, saman um 4%. Einkaneysla jókst um 0,8% og samneysla um 0,9% en fjárfesting dróst saman um 19,9%. Útflutningur jókst um 2,3% á sama tíma og innflutningur dróst saman um 6,3%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 4,6% að raungildi milli 4. ársfjórðungs 2012 og 1. ársfjórðungs 2013. Þar af mældist 4% aukning í þjóðarútgjöldum, sem skýrist að mestu af mikilli aukningu birgða á 1. ársfjórðungi.

Tafla 1. Yfirlitstafla

Table 1. Overview

	Verðlag ársins, millj. kr. <i>Current prices, million ISK</i>	Magn- breyting, % frá 1. ársfj. 2012 <i>Volume change, % from 1st quarter 2012</i>	Magnbreyting frá fyrrri ársfj., % ¹ <i>Volume change from previous quarter, %¹</i>	
	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	226.676	0,8	1,5	-1,1
Samneysla <i>Government final consumption</i>	109.451	0,9	0,1	0,2
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	54.339	-19,9	4,3	-4,1
Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i>	14.467	-1,4
Þjóðarútgjöld alls <i>National expenditure</i>	404.933	-4,0	-0,2	4,0
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	233.604	2,3	-0,1	-1,3
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-207.282	-6,3	-1,4	-3,6
Verg landsframleiðsla GDP	431.255	0,8	0,5	4,6


¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2011–2013. Preliminary figures 2011–2013.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar¹ tölur en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2011–2013. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2011–2013. Change from the previous quarter.

Einkaneysla

Einkaneysla á 1. ársfjórðungi 2013 jókst um 0,8% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2012. Milli 4. ársfjórðungs 2012 og 1. ársfjórðungs 2013 dróst einkaneysla aftur á móti saman um 1,1%.

Samneysla eykst lítillega

Samneysla jókst um 0,9% að raungildi á 1. ársfjórðungi 2013 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,2% frá 4. ársfjórðungi 2012 til 1. ársfjórðungs 2013.

¹ Í litlum hagkerfum eins og því íslenska er við því að búast að mikil óvissa geti fylgt árstíðaleiðréttingu.

Fjárfesting dregst saman

Fjárfesting á 1. ársfjórðungi 2013 dróst saman um 19,9% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung árið áður. Samdráttinn má að miklu leyti rekja til mikils innflutnings á skipum og flugvélum á 1. ársfjórðungi í fyrra. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum dróst fjárfesting á 1. ársfjórðungi 2013 saman um 1,8%.

Fjárfesting atvinnuvega dróst saman um 26,9% (3,8% án skipa og flugvéla) og fjárfesting hins opinbera um 6,3%. Íbúðafjárfesting jókst aftur á móti um 6,9% á 1. ársfjórðungi 2013 borið saman við sama tímabil árið áður. Samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega kemur að miklu leyti til vegna minni fjárfestingar í flugvélum og skipum en einnig vegna minni fjárfestingar í stóriðju.

Árstíðaleiðrétt fjárfesting dróst saman um 4,1% á 1. ársfjórðungi 2013 borið saman við 4. ársfjórðung 2012. Þar af dróst fjárfesting atvinnuvega saman um 5,8% og fjárfesting hins opinbera um 4,7% en á móti jókst íbúðafjárfesting um 1,5%.

Birgðir aukast

Eins og undanfarin ár jukust birgðir sjávarafurða verulega á 1. ársfjórðungi eða um 13,5 milljarða króna, á verðlagi ársins. Á sama tíma jukust birgðir afurða stóriðju um tæpar 500 milljónir króna og birgðir rekstrarvara um rúmar 500 milljónir króna. Í heild jukust því birgðir um 14,5 milljarða króna á 1. ársfjórðungi.


Þjódarútgjöld

Þjódarútgjöld drógust saman um 4% að raungildi á 1. ársfjórðungi borið saman við 1. ársfjórðung 2012 einkum vegna samdráttar í fjárfestingu.

Birgðaaukning átti drýgstan þátt í vexti þjódarútgjalda um 4% á milli 4. ársfjórðungs 2012 og 1. ársfjórðungs 2013. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti.

Mynd 3. Hlutdeild í hagvexti, prósentustig

Figure 3. Contributions to growth, % points



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2013. Breyting frá fyrri ársfjórðungi, árstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2012–2013. Change from previous quarter, seasonally adjusted.

Útflutningur og innflutningur

Útflutningur á 1. ársfjórðungi 2013 jókst um 2,3% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2012. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 8,5% og vöruútflutningur um 0,1%. Á sama tíma dróst innflutningur saman um 6,3%. Þar af dróst vöruinnflutningur saman um 9,4% og þjónustuinnflutningur um 0,6%.

Útflutningur dróst saman um 1,3% milli 4. ársfjórðungs ársins 2012 og 1. ársfjórðungs 2013. Þar af dróst vöruútflutningur saman um 3,3% en á móti jókst þjónustuútflutningur um 2,3%. Innflutningur dróst saman um 3,6% frá fyrri ársfjórðungi. Þar af dróst þjónustuinflutningur saman um 6,6% og vöruinnflutningur um 1,7%.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 26,3 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2013 sem er mun hærrí fjárhæð en á sama tímabili árið áður (12,6 milljarðar króna). Munurinn er þó minni ef inn- og útflutningur skipa og flugvéla er undanskilinn. Vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 25,6 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 156,3 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 130,6 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 0,6 milljarða króna. Útflutningur á þjónustu nam 77,3 milljörðum króna og innflutningur þjónustu nam 76,6 milljörðum króna.


Vegna þessarar jákvæðu breytinga á vöru- og þjónustuviðskiptum jókst landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2013 um 0,8% borin saman við 1. ársfjórðung 2012 þrátt fyrir 4% samdrátt þjóðarútgjalda.

Hagþróun erlendis

Hagvöxtur milli samliggjandi ársfjórðunga í helstu viðskiptalöndum Íslands var mestur á 1. ársfjórðungi í Japan 0,9%. Í Bandaríkjunum og Svíþjóð var hagvöxtur 0,6%, Bretlandi 0,3% og Danmörku 0,2%. Aftur á móti var samdráttur í Noregi og Frakklandi 0,2%.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2011–2013. Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2011–2013. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs, auk þess sem reynt er að greina og eyða áhrifum af óregluglegum þáttum (e. *outliers*) innan hverrar tímaröðar í heild sinni.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti, en það er sú aðferð sem vinnuhópur á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins (ECB) lagði til og er oftast notuð í Evrópu. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíða-

leiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Meiriháttar breytingar í efnahagslífi svo sem vegna efnahagshrunsins, og óreglu-bundnir liðir sem geta sveiflast verulega hafa mikil áhrif á árstíðaleiðréttinguna. Því smærra sem hagkerfið er, því meira vægi hafa ýmsir óreglulegir liðir, svo sem inn- og útflutningur á flugvélum. Á undanförunum sjö árum hefur ársfjórðungslegur innflutningur á flugvélum sveiflast frá 0% til 9% af innflutningi í viðkomandi ársfjórðungi. Slíkir óreglulegir liðir torvelda að greina árstíðasveiflu í gögnum og mæling á hagvexti milli ársfjórðunga verður einnig óstöðugri.

Niðurstöður fyrir árin 2011–2013 eru bráðabirgðatölur sem breytast eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir og þar með breytast árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar einnig.

*Ýtarleg sundurliðun
er birt á vefnum*

Ýtarleg sundurliðun á ársfjórðungsefninu er á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

*Tölur um 2. ársfjórðung 2013
verða birtar í september*

Tölur um landsframleiðslu á 2. ársfjórðungi 2013 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 6. september 2013.

English summary

In real terms, non-seasonally adjusted estimates indicate a year over year (YOY) increase in Gross Domestic Product (GDP) of 0.8% for the 1st quarter of 2013. Total domestic final expenditure decreased by 4%. Household final consumption increased by 0.8% and government final consumption increased by 0.9%, while gross fixed capital formation decreased by 19.9% over the same period. At the same time balance of trade in goods and services improved, exports grew by 2.3% and imports decreased by 6.3%.

Gross fixed capital formation figures indicate a YOY decrease of 19.9%, led by a 26.9% reduction in business sector investment and 6.3% reduction in government services investment. Excluding imports of ships and aircrafts the reduction in business sector was 3.8%. Residential construction rose by 6.9%.

Seasonally adjusted GDP¹ in the 1st quarter of 2013 increased by 4.6% from the previous quarter. Due to an increase in inventories total domestic final expenditure increased by 4%.

National accounts for the 2nd quarter of 2013 will be published on the 6th of September 2013.

¹ During economic turbulence, like at the present time, major structural changes have effects on seasonally adjusted results that can be more volatile than would be the case otherwise. For small countries irregular items also have a great impact on seasonally adjusted results and make it more difficult to detect seasonality in the data and quarterly GDP estimates can become even more unstable. The seasonal results should therefore be interpreted with care.

Tafla 2. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2009–2013*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2009–2013*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. kr.								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2009	764.457	396.946	207.039	654	1.369.095	791.386	-662.606	1.497.875
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	179.824	97.468	35.835	12.152	325.279	165.780	-143.022	348.036
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	189.800	101.644	50.383	203	342.030	186.916	-156.301	372.646
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	191.100	97.066	56.752	-4.060	340.858	232.808	-184.516	389.150
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	203.733	100.768	64.069	-7.641	360.929	205.882	-178.768	388.043
2010	790.893	398.618	194.775	-3.373	1.380.914	865.566	-710.600	1.535.880
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	192.187	97.249	42.631	10.006	342.072	195.095	-168.395	368.773
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	195.058	101.792	49.208	-8.016	338.042	223.003	-178.210	382.835
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	193.633	97.336	49.966	-754	340.180	232.390	-181.511	391.059
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	210.015	102.242	52.971	-4.608	360.619	215.077	-182.483	393.213
2011¹	845.162	413.856	229.484	4.634	1.493.136	964.666	-825.833	1.631.969
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	195.753	98.235	45.070	19.774	358.833	203.944	-177.318	385.459
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	211.039	104.058	53.327	-4.719	363.705	242.272	-204.417	401.561
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	209.018	103.685	57.029	-4.059	365.673	282.011	-219.008	428.676
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	229.352	107.878	74.057	-6.362	404.925	236.439	-225.090	416.274
2012¹	915.933	435.837	245.764	2.842	1.600.376	1.010.983	-903.162	1.708.197
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	215.829	104.535	63.030	20.261	403.655	225.498	-212.942	416.211
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	231.716	110.441	65.600	-12.478	395.280	257.065	-241.860	410.485
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	221.038	108.176	56.870	624	386.709	282.040	-223.090	445.659
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	247.350	112.684	60.264	-5.566	414.732	246.379	-225.269	435.842
2013¹
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	226.676	109.451	54.339	14.467	404.933	233.604	-207.282	431.255

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2009–2013

Table 3. Annual GDP volume growth 2009–2013

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2009	-14,9	-1,7	-51,4	-0,0	-20,4	7,0	-24,0	-6,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-23,1	0,3	-66,2	3,4	-25,4	17,6	-33,6	-5,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-18,9	1,2	-50,7	1,9	-20,3	-6,6	-35,2	-6,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-14,3	-3,6	-50,6	-4,8	-24,1	13,0	-25,7	-6,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-1,1	-4,7	-35,2	-0,1	-10,6	6,5	12,0	-8,5
2010	0,0	-3,4	-9,4	-0,2	-2,7	0,6	4,5	-4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,7	-4,6	4,9	-0,8	-2,4	-8,8	0,9	-6,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,7	-4,8	-9,0	-2,3	-6,6	4,4	6,5	-6,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,0	-3,1	-14,8	1,1	-1,9	0,1	2,7	-3,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,5	-1,2	-13,9	0,9	0,3	6,6	7,7	-0,0
2011²	2,6	-0,2	14,3	0,6	4,1	4,1	6,8	2,9
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	0,9	-0,9	7,5	2,2	3,7	4,6	3,7	3,9
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	5,2	-0,8	4,3	1,0	4,7	1,7	6,8	2,1
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	2,2	1,1	9,4	-0,6	2,0	7,1	5,9	3,5
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	2,3	-0,2	33,4	-0,1	6,0	2,7	10,2	2,1
2012²	2,7	-0,2	4,4	-0,2	1,9	3,9	4,8	1,6
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	3,2	-1,0	37,4	-0,1	6,4	5,9	10,6	4,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	3,2	-0,6	20,0	-1,9	2,5	4,9	12,6	-1,2
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,5	0,2	-1,3	1,1	2,0	3,1	3,4	2,2
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	2,7	0,5	-23,0	0,2	-2,6	1,8	-5,6	1,4
2013²
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	0,8	0,9	-19,9	-1,4	-4,0	2,3	-6,3	0,8

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2005. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2005.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2009–2013, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2009–2013*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- Flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- Framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %							
Percentage change on the previous quarter							
2009							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,3	-1,1	-54,7	-8,7	6,8	9,9	-5,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,3	0,3	24,2	-1,6	-1,6	-6,6	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,9	-3,7	-1,4	-2,0	5,4	9,3	-2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-1,2	-0,6	16,9	0,7	-3,1	-0,5	-0,8
2010							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,8	-0,5	-27,2	0,6	-5,1	-0,4	-2,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,5	-0,3	8,3	-5,6	5,4	-1,4	-1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,1	-1,2	-6,7	3,0	1,2	5,0	1,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,5	14,8	1,7	5,8	4,1	2,8
2011¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-0,9	0,2	-9,4	4,6	-8,7	-3,7	0,8
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	1,5	-0,2	8,2	-4,3	5,5	1,5	-1,7
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	0,6	0,0	0,1	0,6	5,7	4,2	1,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,8	-0,3	34,9	5,0	0,5	8,1	0,9
2012¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,4	-0,3	-8,6	5,0	-5,4	-3,3	3,0
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	1,2	0,2	-3,3	-7,7	4,6	3,3	-6,4
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-0,5	0,4	-16,4	0,5	3,0	-4,2	4,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,5	0,1	4,3	-0,2	-0,1	-1,4	0,5
2013¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-1,1	0,2	-4,1	4,0	-1,3	-3,6	4,6

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2009–2013

Table 5. Contribution to growth 2009–2013

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfj., % % points contributions to growth in GDP from previous quarter							
2009							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,8	-0,5	-10,0	4,3	10,7	-10,7	-5,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,6	0,1	2,5	-3,4	-0,8	2,5	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,4	-1,0	-0,2	-1,0	2,6	-3,3	-2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,6	-0,2	2,2	-0,8	-1,7	0,2	-0,8
2010							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,9	0,3	-3,1	4,3	-0,7	-5,9	-2,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,3	-0,1	1,0	-4,9	2,8	0,7	-1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,6	-0,3	-0,9	2,3	0,7	-2,4	1,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,7	0,1	1,9	-1,2	3,2	-2,0	2,8
2011¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-2,2	-0,7	-1,7	5,7	-4,1	3,7	0,8
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,7	-0,0	1,0	-5,6	2,9	-0,7	-1,7
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	0,3	0,0	0,0	0,2	3,3	-2,0	1,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,4	-0,1	4,6	-0,5	0,3	-3,9	0,9
2012¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,6	0,1	-1,5	5,9	-1,1	-1,0	3,0
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,6	0,0	-0,5	-7,5	2,6	-1,7	-6,4
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-0,3	0,1	-2,6	3,3	1,9	2,4	4,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,8	0,0	0,6	-1,5	-0,1	0,7	0,5
2013¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,7	0,7	-0,6	4,7	-2,0	1,2	4,6

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðrétta tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2009–2013, árstíðaleiðrétt
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2009–2013*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2009	-14,9	-1,7	-51,4	-20,4	7,0	-24,0	-6,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-23,1	1,1	-64,2	-24,9	13,0	-33,5	-5,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-17,9	0,5	-50,6	-20,0	-3,6	-34,9	-4,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-14,2	-3,3	-52,2	-23,9	12,6	-25,7	-7,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-1,8	-5,1	-35,2	-11,3	7,2	11,7	-8,1
2010	0,0	-3,4	-9,4	-2,7	0,6	4,5	-4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,7	-4,5	4,3	-2,3	-4,7	1,2	-5,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,0	-5,1	-9,1	-6,3	2,0	6,8	-7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,1	-2,6	-13,9	-1,5	-2,0	2,6	-3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,7	-1,4	-15,5	-0,5	7,0	7,3	-0,2
2011¹	2,6	-0,2	14,3	4,1	4,1	6,9	2,9
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	1,0	-0,7	5,2	3,4	3,0	3,8	2,9
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	5,1	-0,6	5,1	4,9	3,2	6,8	3,1
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	2,5	0,7	12,7	2,4	7,8	6,0	3,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	1,9	-0,2	32,3	5,7	2,4	10,1	1,8
2012¹	2,7	-0,2	4,4	1,9	3,9	4,8	1,6
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	3,2	-0,7	33,5	6,1	6,1	10,5	4,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	2,9	-0,4	19,3	2,3	5,2	12,5	-0,9
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	1,9	-0,1	-0,4	2,2	2,5	3,4	1,9
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	2,6	0,4	-23,0	-2,8	1,8	-5,7	1,5
2013¹
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	1,1	0,9	-19,2	-3,7	6,2	-6,0	3,1

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtidindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series ***National accounts***

98. árg. • 19. tbl. 2013:7

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigurlilja Albertsdóttir • Sigurlilja.Albertsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series